# Gæðakröfur til hrámjólkur frá mjólkurframleiðendum

## GÆÐAKRÖFUR 2017

Opinberar kröfur um gæði hrámjólkur hafa verið óbreyttar frá 1. febrúar 2010. Flokkun vegna frírra fitusýra hafði þó fyrst áhrif á greiðslur vegna A-mjólkur frá og með 1. janúar 2011.
Reglur aðildarfélaga SAM um greiðslur fyrir úrvalsmjólk, flokk 1A, breyttust frá og með 1. janúar 2016.

Samantekt á reglum um flokkun mjólkur, verðfellingar og verðbætur vegna gæðaþátta 2017 koma fram í eftirfarandi töflu:

Flokkunarmörk, verðfellingar og A-greiðslur vegna hrámjólkur eru skv. eftirfarandi töflu:

| Gæðaþáttur | Rannsóknartíðni | Flokkar | Mörk | Umbun og skerðing í % af afurða-stöðvarverði |
|---|---|---|---|---|
| **Frumutala**<br>1.000 frumur/ml | Einu sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar [1] | 1A<br>1<br>2<br>3 | - 200<br>201 – 400<br>401 – 500<br>501 - | + 2% [2]<br>0<br>-5%<br>-18% [3] |
| **Líftala, Bactoscan**<br>1.000 einingar/ml | Einu sinni í viku, einstök mæling gildir [4] | 1A<br>1<br>2<br>3<br>4 | - 20<br>21 – 200<br>201 – 400<br>401 – 3.000<br>3.001 - | + 2% [2]<br>0<br>-16%<br>-36%<br>-60% |
| **Líftala, Bactoscan**<br>1.000 einingar/ml | Einu sinni í viku, hver mæling gildir [7] | 1A | - 40 | + 2% [2] |
| **Lyfjaleifar** [5] | Að lágmarki einu sinni í mánuði | 1A<br>1<br>2 | Engar mælanlegar leifar<br>Engar mælanlegar leifar<br>Mælanlegar leifar | + 2% [2]<br>0<br>-60% |
| **Hitaþolin líftala** [6]<br>1.000 einingar/ml | Eftir þörfum | 1A<br>1<br>2<br>3 | Verður að standast kröfur um 1. fl.<br>- 5<br>6 – 25<br>26 – | + 2% [2]<br>0<br>0<br>0 |
| **Kuldaþolin líftala** [6]<br>1.000 einingar/ml | Eftir þörfum | 1A<br>1<br>2<br>3 | Verður að standast kröfur um 1. fl.<br>- 5<br>6 – 25<br>26 – | + 2% [2]<br>0<br>0<br>0 |
| **Líftala loftfælinna dvalargróa** [6] | Eftir þörfum | 1A<br>1<br>2<br>3 | Verður að standast kröfur um 1. fl.<br>Enginn vöxtur<br>Vöxtur eftir 48 -72 klst.<br>Vöxtur á fyrstu 48 klst. | + 2% [2]<br>0<br>0<br>0 |
| **Lykt og bragð** [6] | Eftir þörfum | 1A<br>1<br>2<br>3 | Verður að standast kröfur um 1. fl.<br>Engin prufa með lyktar-/bragðgalla<br>Greinilegur lyktar-/bragðgalli<br>Áberandi lyktar-/bragðgalli | + 2% [2]<br>0<br>0<br>0 |
| **Fríar fitusýrur** | Einu sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar | 1A<br>1<br>2<br>3 | - 0,9<br>0,9 - 1,1<br>1,2 – 1,8<br>1,8 – | + 2% [2]<br>0<br>-5%<br>-15% |

1 Reiknað er þriggja mánaða meðaltal vegna lágmarkskrafna en mánaðarmeðaltal vegna flokkunar.
2 Innvigtuð mjólk mánaðarins er A-mjólk svo fremi að hún standist allar kröfur um 1A.
3 18% af afurðastöðvaverði að jafnaði en ef flokkun verður þrjá mánuði í röð í 3. flokk þá verður verðskerðing fyrir þriðja mánuðinn 36% og ef flokkun verður fjóra mánuði í röð, eða oftar, í 3. flokk þá verðskerðist fjórði mánuðurinn og þeir mánuðir sem á eftir koma í þriðja flokki, um 54%.
4 Einstök mæling gildir og verðfelling er miðuð við innlegg viðkomandi viku. Ef fleiri en ein reglubundin mæling er gerð í viðkomandi viku þá gildir lakari mælingin. Fyrir flokkun í A-mjólk er reiknað beint meðaltal mánaðarins.
5 Ef lyfjaleifar mælast í mjólk frá framleiðanda þá er innleggið ekki skráð í mjólkurstöð, auk þess sem innlegg viðkomandi viku er verðfellt um 60% af afurðastöðvarverði.
6 Þar sem þessar mælingar eru gerðar.
7 Ný regla frá 1.1.2016.